

Skógarvörður umdaðmisins:  
Sigurður Jónasson, Laugabrekku.

Starfsskýrsla fyrir árið

-----  
1953.  
-----

Skagafjörður.

## STARFSSKÝRSLA.

Sigurðar Jónassonar, Laugarbreklu, árið 1953.

Girðingar. Veturinn 1952 - '53 var óvenjulega snjólettur hér norðan lands, kom því naumast til greina að fónn legðist á girðingar fyrir en komið var fram í marzmánuð. Viðhald skógræktargirðinga reyndist því með allra minnsta móti í vor og hvergi varð ég var við skemmdir á trjágróðri af völdum búpenings.

Engin ný skógræktargirðing var sett upp í vor, á vegum Skógræktar Ríkisins í Skagafirði eða Húnavatnss. Þn á Flatnefsstöðum á Vatnsnesi var reist allmyndarleg skógræktargirðing, kostuð af landeiganda, Séra Sigurði Norðland, presti í Hindisvík., Girðingin er röskir 5 km. að lengd, 6 þatt, staurar úr rekaviði.

Í vor flutti ég út frá Laugarbrekku 26.254 st. trjáplöntur, sem gróursettar voru í Skagafirði og Húnavatnssýslum. Hafði ég sama fyrirkomulag á því og undanfarin vor, að flytja plönturnar sjálfur og leiðbeina eftir fönnum við gróðursetningu.

Seðar plöntur.

Tegundir.

Samt. l.f.

Skógarplöntur: ✓ Birki ..... 13521 st.

" ✓ Fura ..... 3390 "

" ✓ Sitkagr. ..... 2297 " ✓ 7500

" ✓ Rauðgreni ..... 4746 " ✓ 6200

Samtals ..... 23.954 st. ~

Garðplöntur. ✓ Birki ..... 57 st. ✓

" ✓ Reynir ..... 177 " ✓ 250

" Ösp ..... 183 " ✓ 300

" Pingv ..... 24 " ✓ 150

" Gulv ..... 72 " ✓ 100

" ✓ Sitkagr ..... 153 " ✓

" ✓ Lerki ..... 1461 " ✓

" ✓ Raúðgr ..... 73 " ✓

" ✓ Fura ..... 100 " ✓

Samtals ... 2.300 st.

Alls 26.254 st.

Dreifsett. ✓ Rauðgreni ... % ... 1000 st. ✓ aldrus

{ ✓ viðir ..... 150 "

{ ✓ Reynir ..... 200 " ✓

{ ✓ Sitkagr ..... 100 " ✓

✓ Ösp ..... 50 "

✓ Lerki ..... % ... 100 " ✓ -

{ ✓ Fura ..... % ... 400 " ✓

Samt. 2.000 st.

Kanðars upphaf af þeim plöntum ír gengið er  
 ekki skilgreint að miðum eigin plöntunum og  
 fáinum, sem ekki eru með ófyrirvara um

Fresánning í græðireit.

Tegund fræs	Uppruni	Kg	m2
✓ Kirki.....	Bæjarst.....	19,800....	600
✓ Skógarf....	Tromsd. N....	1,000....	50
✓ Sitkagr....	Seward A .....	0,490....	15
		21,290	665

Sáning fór fram dagana 15. - 21. júní.

Áburður. Tilbúinn áburður og húsdýraáburður var borinn í fræbeðin. Magn per. 100 fm: Húsdýraáburður 800 kg, kalksalp. 4 kg, þrifosf. 3 kg og kali 3 kg.

Umþáetur í græðireit. Í vor steypti ég vatnsþró í græðireitnum í Reykjarhólsgirðingu, rúnar hún 10.000 l. af vatni. Jafnframt lagði ég vatnsleioslu úr framræsluskurði að þrónni, 130 m langa. Er vatninu dælt með veldælu í þróna, en þaðan er það leitt í slöngum um fræbeðin og vökvæ með dreifara.

Í haust var plægt og herfað 2500 fm. lands, sem taka á undir fræbeð, er það að mestu fullunnið til sáningar.

Vöxtur í fræbeðum og fl. Landið, sem ég tók til sáningar í vor, þurfti mikillar vinnslu við og fór því sáning fram síðar en skildi.

Spirun var yfirleitt góð, prátt fyrir mjög purrvíðrasamt vor. Sumarið var blýtt, og purrvíðrin gerou ekki mikin skaða vegna battra vökvunarskilyrða.

Vöxtur í fræbeðum var með besta móti, en nokkuð bar á rótarsvepp á barrplöntum eftir að úrfelli hófust í haust. Riðsveppur sótti mjög á birki á öðru ári, þó tókst að halda honum í skefjum með úáun.

Laufgun hófst í vor í byrjun mai. Að visu byrjaði að springa út á sumum trjátegundum í marz, en það fölnaði aftur og urðu af þessari ástaðu nokkrar skemmdir á sumum viðhvæmari tegundum, einkum í görðum og fræbeðum.

Lauffall byrjaði 15. sept. en ekki voru tré orðin af-laufguð fyr en um miðjam október.

Nokkru var sáð af trjáfræi í þeim heima við bæ t. d. Löngumýri, Vöglum í Blönduhlið, Viðvík, Höllum, Skíðast. og Blöndudalshólum. Var þetta aðeins í smáum stil 5 -20 fermetrar á hverjum stað.

Byggingar. Í sumar var byggt hér fjós. yfir 2 kyr, ásamt tilsvarandi áburðargeymslu, undir sama þaki.

Fjósið er byggt úr viði og mýrhúðað að utan, grunnur steyptur. Áburðargeymslan er steypt.

Lögð var vatnsleiðsla í fjósið 50 m löng  
Pessi bygging stendur austan við ibúðarhúsið, neðst í löðinni.

Aatlun um söluhæfar plöntur í vor. *aldrar væntar*

Birki..... 32.000 st.

Lerki..... 3.000 "

Ösp..... 50 "

Sitkagr..... 250"

Rauðgr..... 400 "

Tura..... 300 "

Samt. 36.000 st.

Ferðalög. Á árinu hafði ég mikil ferðalög, nokkuð meiri en undanfarin ár. Allar plöntur flutti ég sjálfur til kaupenda og hjálpaði til við gróðursetningu eftir megni. Minnig valdi ég land til skógræktar á nokkrum stöðum. Allmargar ferðir fór ég líka til að lita eftir skógræktargirðingum.

Annars væri mjög nauðsinlegt að geta fórnæð meiri tima til leiðbeiningastarfs og aðstooar við gróðursetningu að vorinu. Þr sért til þess að vita, hve mikið af plöntum eyðilegst við gróðursetningu, vegna þess að fólkið kann ekki til þeirra verka sem skildi. En á þeim tímum, sem gróðursetningin stendur yfir, eru hvað mestar annir hjá mér við sáningu og margskonar störf í graðireitnum. Vero ég því um of að takmarka tímum minn við gróðursetninguna.

Yfirlit yfir helstu ferðalögum á árinu. Frá áramótum til apríl-loka fór ég til þessara staða: Sauðárkrúk, Langadal, Blönduós, Sumarhús, Flatartungu, Blöndudalshólm, Svartárdal, Höfsós, Östrandshlíð, Reynistað, Helluland, Viðvík, Hólum, Reykjavík.

Þessar ferðir eru farnar, til að lita eftir skógræktargirðingum, á fundi í skógræktardeildum, vegna plöntupantana og fl. Til Reykjavíkur fór ég að sitja fund skógarvaraða.

Á timabilinu frá 1. maí til júlíloka fór ég eina eða fleiri ferðir á eftirtalda staði: Hofsós, Utanverðunes, Svaðastaði, Sauðárkrók, Langadal, Skagaströnd, Finnstungu, Löngumýri, Lýtingsstaðahr., Ása, Vatnsdal, Hjaltadal, Negrarnes, Blöndudal, Reynistað, Hafsteinsstaði, Hindisvík, Ásgeirsá, Auðunnarstaði, Vagli, Flatartungu, Birkihlið, Viðvík, Reykjavík, Laugarvatn, Frostastaði, Sauðárgil, Vagli, Úlfssstaði, Blönduós, Löngumýri og Skörðugil.

Ofanskráðar ferðir eru að mestu farnar viðgna plöntuflutninga, leiðbeininga og eftirlits.. Að Laugarvatni fór ég á fund Skógræktarfélags Íslands.

Frá 1. ágúst til áramóta fór eg meðal annars að: Flatartungu, Flugumýri, Brimnesi, Kolkuðsi, Sauðárkróki, Laxárdal að Skefilsstöðum, Högruhlið, Sæmundarhlið, Skörðugili Leifsstöðum, Reynist. og Reykjavík.

Voru þessar ferðir farnar í margskonar erindum fyrir skógræktina. Til Reykjavíkur fór ég á fund Skógræktarstjóra.

Laugarbrekku, 1. janúar 1954.

*Sigurður Þorláksson*